

Hulda Filippusdóttir

(1924–2022)



Ljós. Árni Kjartansson

Hulda (hægra megin) í góðum hópi á Hvannadalshnjúk í vorferðinni 1956.

Ljós. Magnús Halgrímsson

Hulda á Grímsfjalli 2007, í 50 ára afmælisferð gamla skálans.

Hulda Filippusdóttir tilheyrði hópi frumherjanna í Jökklarannsóknafélaginu. Hún var virk í starfi félagsins alla tíð og sótti árshátíðir vel fram á tíræðisaldur. Hún lést í mars 2022, á 98. aldursári. Hulda var mikill frumkvöðull. Hún stundaði svifflug á yngri árum, útilegur og fjallaferðir alla tíð og fór m.a. fjölda ferða á Vatnajökul. Hún var gerð að heiðursfélaga JÖRFÍ á 50 ára afmælinu árið 2000. Hulda var virk fram undir það síðasta, fór m.a. þyrluferð að eldgosinu við Fagradalsfjall árið 2021. Eiginmaður hennar var Árni Kjartansson (1922–2017), einn af stofnendum JÖRFÍ og forgöngumaður um að koma á vorferðum á Vatnajökul. Fyrsta vorferð Huldu var árið 1956, og var hún jafnframt brúðkaupsferð þeirra hjóna. Sú ferð var um margt merkileg. Vorferðir hófust 1953 svo þetta var sú fjórða í röðinni og jafnframt viðameiri en þær fyrri. Unnið var m.a. að landmælingum og sett upp merki á Þórðarhrynu, Grendli og Hvannadalshnjúk. Í ferðinni voru 13 manns, 8 karlar og 5 konur. Nafnið á Brúðarbungu syðst í Kverkfjöllum, varð til í þessari ferð. Bungan er nefnd eftir Huldu og fer vel á því að eitt af örnefnum Vatnajökuls skuli tengjast þeim brautryðjanda sem hún var. Hulda og Árni héldu upp á 45 ára brúðkaupsafmæli sitt í vorferðinni 2001. Þá

voru þau bæði í afmælisferðinni 2007, óformlegri ferð í kjölfar vorferðar, sem farin var til að halda upp á 50 ára afmæli Grímsvatnaskála. Þau höfðu lag á að njóta stundarinnar og ferðuðust mikið, fóru m.a. skíðaferðir til útlanda langt fram á nírræðisaldur.

Það er mikið lán að Jökklarannsóknafélagið varð strax á fyrstu árum sínum blandaður hópur, þar sem bæði karlar og konur tóku þátt. Á það sinn þátt í því að heilu fjölskyldurnar tengdust félaginu sterkum böndum sem ekki rofna. Hulda tilheyrði þeim harðduglega kjarna fjalla- og skíðafólks sem með áráðni og vinnu-gleði byggði félagið upp og mótaði á fyrstu árunum. Yfir Huldu var einhverskonar yfirveguð rósemi. Hún var sjálfsörugg, hrein og bein, glöð í sinni en ákveðin. Hún talaði um jöklabakteríuna, góðar minningar úr eldri ferðum og sagði spök frá því að fyrir á árum hafi konum ekki verið treyst til allra verka í jöklaferðum. Útivistar- og skíðakonan og fyrsta svifflugkona Íslands hristi svo höfuðið og hló. Henni var eðlislægt að greina kjarnann frá hisminu. Það var gott að leita til Huldu Filippusdóttur og þiggja hennar hollu ráð. Hún er eftirminnileg öllum sem henni kynntust.

Magnús Tumi Guðmundsson